



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 81. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 4. mars 2020, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson fulltrúi sveitafélags, Ásta Berghildur Ólafsdóttir fulltrúi sveitafélags, Karl Ingólfsson fulltrúi útivistarfélagi, Bjarki Vilhjálmur Guðnason varamaður fulltrúa sveitafélags, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Ingibjörg Eiríksdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Gunnlaugur Róbertsson mannvirkja og gæðafulltrúi.

1. Bókun Ásahrepps varðandi umferð um Vonarskarð - 1907014

Svæðisráði kynnt bókun hreppsnefndar Ásahrepps frá 19. febrúar 2020 varðandi umferð um Vonarskarð.

Bókun Ásahrepps frá 19. febrúar kynnt og rædd. Karl Ingólfsson óskar bókunar: Fulltrúi SAMÚT lýsir yfir furðu sinni yfir þessari samþykkt Ásahrepps þar sem þetta gengur þvert á þá vinnu sem unnin er innan svæðisráðs. Fulltrúi Náttúruverndarsamtaka tekur undir bókunina og bætir við að virða skuli lög og reglur og faglega vinnu við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar.

2. Umræður um hugmyndir um þjóðgarðsmiðstöð við Kirkjubæjarklaustur - 2002011

Hugmyndir um þjóðgarðsmiðstöð, sem kynntar voru á síðasta fundi, til frekari umræðu.

Hugmyndir ræddar, svæðisráð vill halda sig við að gestastofa þjóðgarðsins verði byggð í samræmi við yfirstandandi ferli og óskar eftir svari um hvenær útboð geti farið fram.

3. Nýidalur - drög að deiliskipulagi skálasvæðis - 1911003

Deiliskipulag fyrir Nýjadal. Þátttaka þjóðgarðsins við gerð deiliskipulags fyrir Nýjadal.

Þátttaka þjóðgarðsins til kynningar.

4. Vestursvæði - starfsmannahald - 1805015

Skipulag og umfang landvörslu á vestursvæði sumarið 2020. Yfirlit þjóðgarðsvarðar.

Þjóðgarðsvörður fór yfir stöðu mála.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 15:15.